

Uppsetning pósthólfs


Hægt er að virkja vMail kerfisviðbótina í gegnum dkplús undir [Lánardrottinn](#). Þar er smelli á **stillingar** hnappinn uppi í hægra horni, þá birtist gluggi eins og á [Mynd 1](#).

Til að tengjast við pósthólf þarf að gefa upp nauðsynlegar upplýsingar svo sem notandanafn (oftast netfangið), lykilorð og miðlara.

Upplýsingar varðandi þetta er hægt að fá hjá þjónustuaðila sem hýsir tölvupóstinn hjá fyrirtækinu.

i Pósthýsing

Ef póstur er hýstur hjá dkVistun þá er hægt að senda póst á hjalp@dk.is til að stofna sér pósthólf eða stilla af hól sem þegar er til staðar.




(Mynd 1) Fylla þarf í alla reiti og smella á **vista** til að virkja vMail kerfisviðbótina.

Auðkenning

Nauðsynlegt er að fylla inn í alla reiti og **einnig að hafa IMAP virkt hjá pósthjónustunni**, dkplús notar þetta til að auðkenna sig og lesa úr pósthólfinu. Ef IMAP er ekki virkt á pósthólfinu **mun auðkenning ekki virka**.

Þegar auðkenning hefur tekist mun vMail reyna að lesa úr pósthólfinu um 15 mínútur seinna.




(Mynd 2) Hér er búið að setja inn eina **reglu** fyrir öll @dk póstöng sem skráist á kennitölu dk Hugbúnaðar.

Reglur

Hægt er að stilla reglur til að skrá reikninga á tiltekin lánardrottinn út frá sendanda. Sem dæmi eiga allir reikningar sem koma frá [@paypal.com](#) að fara á lánardrottinn **ERL-US-044**, þá yrði mynstrið **"*@paypal.com"** og lánardrottinn **ERL-US-044**. Því næst þegar **einhver@paypal.com** sendir reikning á pósthólfið sér vMail um að lesa hann inn og setja hann á réttann lánardrottinn.

i Sjálfgefinn lánardrottinn

Ef lánardrottinn finnst ekki ú frá sendanda eða upplýsingum úr viðhengi er reikningurinn stofnaður á **sjálfgefinn lánardrottinn**. Það er lánardrottinn með númerið **default**, ef hann er ekki til þá er hann stofnaður sjálfkrafa.



(Mynd 3) Búið er að setja netfang fyrir tilkynningar og skrá fylgiskjalaseríu.

Stillingar

Fylgiskjala Sería

Hægt er að tilgreina **fylgiskjala seríu** á þá reikninga sem koma í gegnum innlesturinn. Serían er hlauðandi númer sem hækkar við hvern reikning sem stofnast.

Netföng tilkynninga

Undir stillingum er hægt að stilla netföng tilkynninga fyrir innlestur. Þau pósthöf sem þar eru tilgreind munu fá tilkynningar um eftirfarandi:

- **"Reikningur þegar til"** - Þegar reikningur sem lesinn er inn er nú þegar til í kerfinu (sama reikningsnúmer og sami lánardrottinn).
- **"Viðhengi of stórt"** - Þegar t.d PDF viðhengi í pósti er of stórt er það tekið til hliðar (**mest 15MB**).
- **"Villa við innlestur"** - Þegar ekki tekst að lesa inn reikning úr pósthólfinu og villa kemur upp er pósturinn settur til hliðar í möppu.
- **"Ómeðhöndluð villa við innlestur"** - Þegar villa kemur upp og ekki var hægt að færa póstinn yfir í möppu, þá þarf að færa hann handlega.

i Ef ekkert er skráð

Ef ekkert netfang er sett undir **Netföng tilkynninga** munu slíkir póstar sendast á alla stjórnendur fyrirtækisins.

(Mynd 4)

(Mynd 5)

(Mynd 6)



Viðhengi of stórt

Við innlestur á reikningum úr pósthólfinu hjá **Fyrirtæki ehf** (test@test.com) fannst póstur sem innihélt eitt eða fleiri of stór viðhengi (stærra en 10MB). Pósturinn hefur verið færður yfir í **vMail/FileSizeExceeded** möppu innan pósthólfins.

Kær kveðja,
Þjónustuteymi

dk hugbúnaður ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Hálfarstræð 53 | 600 Akureyri
Sími 510-5800 | Fax 510-5812 | dk@dk.is | hjarp@dk.is

Póstur frá dkplús þegar skeyti með of stóru viðhengi fannst.



Reikningur 112233 er þegar til

Við innlestur á reikningum úr pósthólfinu hjá **Fyrirtæki ehf** (test@test.com) fannst reikningur sem þegar var til í kerfinu með reikningsnúmerið **112233**. Pósturinn hefur verið færður yfir í **vMail/Duplicate** möppu innan pósthólfins.

Kær kveðja,
Þjónustuteymi

dk hugbúnaður ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Hálfarstræð 53 | 600 Akureyri
Sími 510-5800 | Fax 510-5812 | dk@dk.is | hjarp@dk.is

Póstur frá dkplús þegar reikningur með sama reikningsnúmer fannst þegar til í kerfinu.



Villa við innlestur

Við innlestur á reikningum úr pósthólfinu hjá **Fyrirtæki ehf** (test@test.com) kom upp villa. Pósturinn hefur verið færður yfir í **vMail/Error** möppu innan pósthólfins.

Kær kveðja,
Þjónustuteymi

dk hugbúnaður ehf | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogur | Hálfarstræð 53 | 600 Akureyri
Sími 510-5800 | Fax 510-5812 | dk@dk.is | hjarp@dk.is

Póstur frá dkplús þegar villa varð við innlestur á skeyti úr pósthólfinu.